

Ársskýrsla 2023

Sterkar Strandir



EFNISYFIRLIT

Inngangur _____	3
Meginniðurstöður _____	5
Markmið og tilgangur Sterkra Stranda _____	6
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn _____	8
Meginmarkmið og starfsmarkmið - stöðumat _____	9
Yfirlit yfir styrkt verkefni _____	13
2020 _____	13
2021 _____	18
2022 _____	22
2023 _____	26
Fundir _____	28
Hugleiðingar verkefnisstjóra _____	29
Hólmadrangur féll. Hvað rís? _____	30

INNGANGUR

Sterkar Strandir tilheyra röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í júní 2020 var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldinu vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúaþróunar, atvinnuþátta og -þróunar, auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12 nóvember 2020.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í þessa styrki á hverju ári. Árið 2020 var óvanalegt ár til að hefja verkefni af þessu tagi, enda það ár og árið 2021 markað af áhrifum heimsfaraldurs og fór verkefnið ekki varhluta af heimsfaraldrinum. Það var loks árið 2022 sem sóttvarnaaðgerðum var aflétt og áhrif heimsfaraldurs á verkefnið fóru þverrandi. Nýliðið ár, 2023, er því fyrsta heila árið þar sem beinar takmarkanir vegna heimsfaraldurs hafa ekki haft áhrif á framgang verkefnisins, þó vissulega séu ekki öll kurl komin til grafar hvað varðar þau þjóðhagslegu áhrif sem þessar hremmingar halda áfram að valda.



Óumflýjanlegt er þó á þessum vettvangi að greina frá því að áfram halda ósætti og átök á vettvangi sveitarstjórnarmála, átök sem snúast meira um menn en málefni, að hafa neikvæð áhrif á framgang verkefnisins, eins og þau hafa raunar gert frá upphafi þess.

Verkefnisstjóri hvetur Byggðastofnun til þess að kanna grundvöll til samvinnu innan þeirra byggðalaga sem sækja um að komast að í Brothættum byggðum vandlega áður en til nýrra verkefna er stofnað.

MEGINNIÐURSTÖÐUR

Það er rétt rúmlega þrjú og hálf ár síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, sökum áhrifa heimsfaraldurs, loks þegar færi gafst til að blása til sóknar og samvinnu, voru forsendur samvinnu í samfélaginu að miklum hluta brostnar. Verkefnið hefur því aldrei náð fullu flugi. Snemmsumars 2023 reið svo annað reiðarslag yfir samfélagið þegar tilkynnt var að Hólmadrangur hefði hætt rekstri. Verkefnisstjórn Sterkra Stranda ályktaði eftirfarandi á neyðarfundum þann 14. júní 2023:

„Verkefnisstjórn Sterkra Stranda harmar þá stöðu sem komin er upp vegna stöðvunar rekstrar Hólmadrangs og lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni. Rækjuvinnslan Hólmadrangur er lykilvinnustaður Hólmavíkur og Strandabyggðar allrar. Lokun vinnslunnar er reiðarslag fyrir samfélagið. Verkefnisstjórn kallar eftir sértækum, tafarlausum og afgerandi aðgerðum stjórnvalda til mótvægis við það áfall sem nú hefur dunið yfir atvinnu- og mannlíf á Ströndum.

Sterkar Strandir eru tilbúnar til að vinna að eflingu atvinnulífs og nýsköpunar á Ströndum, innan ramma verkefnisins, í samstarfi við alla áhugasama aðila.

Verkefnisstjórn samþykkir enn fremur að verkefnisstjóri bjóði sveitarstjórn fram aðstoð eftir því sem tæk eru á.”

Nánar er fjallað um málið í sérstökum kafla síðar í skýrslu þessari.

MARKMIÐ OG TILGANGUR STERKRA STRANDA

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.

- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.“

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum

heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



VERKEFNISSTJÓRI OG VERKEFNISSTJÓRN

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Sterkar Strandir er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu. Verkefnisstjóri er Sigurður Líndal Þórisson.

Í stjórn verkefnisins Sterkar Strandir sitja nú eftirtaldir aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu
- Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa
- Guðrún Ásla Atladóttir, fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun (formaður)
- Magnea Garðarsdóttir, Vestfjarðastofu
- Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi Strandabyggðar

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa átt gott samstarf og verkefnisstjórn hefur verið góður stuðningur fyrir verkefnisstjóra í hans störfum.

MEGINMARKMIÐ OG STARFSMARKMIÐ - STÖÐUMAT

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka er vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar, íbúahandbók móttökuáætlun
Verkefni sem búa í haginn fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Samvinna sveitarfélaga vegna ungmennastarfs
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrótafjörður þveraður.						Verið að vinna í þessu
Háhraðanet/5G á Hólmavík						Verið að vinna í þessu
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						Verið að vinna í þessu
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Viðræður við HMS í gangi eftir nokkurt hlé. Aðalskipulagsgerð. Hótelframkvæmdir.
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						Framboð aukið (bogfimi)
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað. Golfhermir kominn til golfklúbbsins.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Jarðhitaleitarverkefni hafið á Gálmaströnd með fulltingi Sterkra Stranda.
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						Reglulegt samtal í gangi við hlutaðeigandi.

Stígandi í atvinnulífi						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðapjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi. Hugsanlega hótél í farvatninu sem nýtir þetta tækifæri. Þjónustumiðstöð aldraðra.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						Verið að vinna að sértækum byggðakvóta.
Bæta afkomu ferðapjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						Áratak hefur hafið störf og ÓBH skoðar stjóstangveiði.
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótkrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu hófst.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						Hótél er í farvatninu sem mun skapa ný störf, bein og óbein.
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjötvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni. Vinnslan á Húsavík studd og Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til vöruþróunar og vinnslu grjótkrabba. Auk nýsköpunarverkefna í landbúnaði.
Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur lokið viðamikilli könnun og úttekt. Innviðagreining næstum klár. Regluverk helsti tálminn hér.
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt 2020 og 2021 og 2022.
Ráðning ferðamálafulltrúa til sveitarfélagsins, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						



Stolt og sjálfbært samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skíðafélagið, Sjóípróttafélagið og Golfklúbburinn öll studd og virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Samtal hafið um stofnun ferðamálafélags.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						--/--
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						Skilti Viðeyjarhúss.
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð						Ferðamálafélag þarf.
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru						--/--
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd þess styrkt						Strandir.is
Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						67 bílhræ osfrv fjarlægð, vantar fjármagn í heilbrigðiseftirlit.
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						Verkefnastjóri komin til Vestfjarðastofu.
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Vinna í gangi en ekkert í hendi.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning, fjöldi menningarverkefna studdur.
Malbikun gatna á Hólmavík						Hafnarsvæði malbikað og miðbæjarkjarni á áætlun.
Gangstéttar á Hólmavík bættar						Á áætlun 2024.
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Skýrsla í vinnslu. Verkefni óraunhæft. Málinu lokið.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Skoðast með menntastefnu Vestfj.



YFIRLIT YFIR STYRKT VERKEFNI

2020

Sterkar Strandir úthlutaði styrkjum til 11 verkefna sem koma til framkvæmdar á tímabilinu 1. september – 1. apríl. Auglýst var eftir styrkumsóknum í júlí 2020.

Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 13.570.000,- sem er samanlögð fjárhæð, árlegrar úthlutunar kr. 5.000.000,- og sérstakrar úthlutunar í tengslum við fjárfestingaráttak Alþingis vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, eða kr. 8.570.000.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 24. júlí 2020 og bárust alls 16 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 42.013.574 en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 13.570.000.

Vanhæfnisreglna var vandlega gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Styrkþegar voru eftirfarandi:

Arnkatla er nýstofnað menningarfélag og fékk styrki í 2 verkefni. Þau eru: Vetrarhátíðir í Strandabyggð, en verkefnið snýst um að halda 3 vetrarhátíðir sem hafa nokkuð aðdráttarafl, á Ströndum fyrstu þrjá mánuði ársins 2021. Þar erum að ræða hátíðina Vetrarsól sem fyrirhuguð er í janúar, Hörmungardaga í lok febrúar og Húmorssþing í lok mars. Vetrarhátíðirnar fengu 700.000 kr. styrk. Hitt verkefni Arnkötlu er Skúlpúraslóð á Hólmavík – 1. áfangi, en verkefnið snýst um að byggja upp skúlpúraslóð inn fyrir þorpið á

eftir gömlum vegi sem nú er gönguslóði og svæði hugað til útvistar undir Kálfanesborgum. Ætlunin er að byggja upp skúlptúraslóð með 5-6 listaverkum og upphafsreit við Galdrasýninguna á nokkrum árum. Skúlptúraslóðin fékk 300.000 kr. styrk. Guðfinna Lára og Ágúst Helgi fengu styrk fyrir verkefnið Matvælavinnsla á Stóra-Fjarðarhorni en verkefnið felst í því að koma á fót vinnslurými fyrir matvæli og er megintilgangurinn að skapa aðstöðu til að vinna og þróa vörur úr þeim afurðum sem framleiddar eru í Stóra-Fjarðarhorni. Umfangsmest er lambakjötsframleiðsla en einnig er framleitt holdanautakjöt og útiræktað grænmeti. Við vöruþróun verður horft til aldagamalla matarhefða í bland við nýstárlegri framleiðsluaðferðir. Matvælavinnslan var styrkt um 2.000.000 kr.

Hvatastöðin fékk styrk til tveggja verkefna. Þau eru: Kyrrðarkraftur en því verkefni er ætlað að verða uppbyggingarsetur fyrir fólk sem vill bæta eigin heilsu og móta sér skýra framtíðarsýn og stefnu í lífinu með hjálp galdra, náttúru og sérfræðinga. Markmið verkefnisins er að skipuleggja úrræði sem nýta þau mannvirki, þjónustu og sérþekkingu sem er til staðar í Strandabyggð. Kyrrðarkrafti var úthlutað 2.000.000 kr. Hitt verkefni Hvatastöðvarinnar er Hitalampar til jógaíðkunar en þar mun Hvatastöðin bæta aðstöðu sína og auka á fjölbreytni í þjónustu sinni með því að koma upp innrauðum hitalömpum. Að stunda jóga í hlýjum eða heitum sal hefur notið mikilla vinsælda um árabil, ekki síst á norrænum slóðum þar sem fólk kemst lítið í hita lungann úr árinu. Hitinn dýpkar iðkunina og liðkar vöðva þannig að hver og einn kemst dýpra í stöðurnar og getur haldið þeim lengur en ella. Hitalamparnir fengu 270.000 kr. styrk.

Leikfélag Hólmavíkur fékk styrk, en þeirra verkefni nefnist Ljósabúnaður fyrir Leikfélag Hólmavíkur. Markmiðið er að bæta ljósabúnað Leikfélags Hólmavíkur, en honum er mjög ábótavant um þessar mundir. Félagið leigði nýleg LED ljós fyrir uppsetningu sína á „Stellu í orlofi“ í febrúar-mars síðastliðnum og er stefnt á að fá álíka ljós til eignar. Þá þarf einnig að kaupa tölvu sem er tengd við ljósin, en forritið sem er notað til að stjórna þeim er einfalt í uppsetningu og notkun. Árangurinn verður sá að minna mál verður að kenna nýjum ljósamönnum á tæknina og vonandi verða sýningarnar enn flottari en þær eru nú þegar. Núverandi ljósaborð og ljós eru á bilinu 25-30 ára gömul, svo það er löngu kominn tími á uppfærslu. Verkefnið fékk styrk upp á 800.000 kr.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum fékk styrk fyrir verkefni sem nefnist Þjóðtrúarfléttan en því verkefni er ætlað að skapa nýtt starf tengt miðlun á íslenskri þjóðtrú, við Rannsóknasetur HÍ á Ströndum. Það verður unnið í samvinnu við þá aðila í héraðinu og á landsvísu sem vinna að verkefnum sem byggja á þeim menningararfi sem býr í þjóðsögum og þjóðtrú. Hugmyndin með Þjóðtrúarfléttunni er í senn að byggja upp miðlun á efniviðnum og skapa og efla tengsl við fræðifólk og listamenn sem vinna á þessu sviði hér á landi og á alþjóðavísu og styrkja þannig stöðu Hólmavíkur og Stranda sem miðpunkts fyrir skapandi vinnu við þjóðtrúartengd verkefni hér á landi. Verkefnið hlaut 3.000.000 kr. styrk.

Sauðfjársetrið á Ströndum fékk styrk fyrir Útgáfuverkefni Sauðfjársetursins. Verkefnið snýst um að koma á laggirnar bókaútgáfu sem tengjast Ströndum, heima í héraði, þróa aðferðir og vinnubrögð í kringum slíka útgáfu. Munu bækurnar byggja á rannsóknum, viðburðum

og sérsýningum, sem unnar hafa verið í samstarfi við Sauðfjársetrið. Þær munu fjalla um afmörkuð þematengd sögu- og atvinnulífistengd efni, en þó miðast allt verkefnið við að fróðleikurinn verði settir fram á hátt sem höfðar til almennings. Fyrstu bækurnar í bókaröðinni hafa verið ákveðnar og stendur til að sú fyrsta sem ber vinnuheitið Strandir 1918 komi út í desember 2020. Verkefnið var styrkt um 500.000 kr.

Strandagaldur fékk styrk fyrir Bættri ímynd og betra útliti á Galdrasýningunni. Nú þegar er Galdrasýningin meginaðdráttarafi í afþreyingu fyrir ferðamenn á Ströndum og dregur marga ferðamenn á svæðið allt árið um kring. Starfsemi sýningarinnar er nú staðsett í tveimur gömlum pakkhúsum við höfnina en þegar hún var opnuð var hún einungis í öðru húsinu en eftir því sem starfsemin víkkaði út með því að koma á matsölu og vera með upplýsingamiðstöð voru báðar byggingarnar nýttar undir starfsemina. Þessar byggingar setja mikinn svip á gamla bæinn á Hólmavík og því gott útlit mikilvægt. Nú er sýningin orðin 20 ára og kominn tími til að klára lokahnykkinn á útliti hennar. Verkefnið var styrkt um 2.200.000 kr.

Sýslið verkstöð fékk styrk fyrir verkefni sem heitir Matarsmiðjan – Tilraunaeldhús en Matarsmiðjan verður tilraunaeldhús í Sýslinu verkstöð á Hólmavík. Sýslinu er ætlað að vera miðstöð skapandi greina á svæðinu og samanstendur af fjölbreyttum verkstæðum þar sem hægt er að vinna vörur úr allskyns efnum og með Matarsmiðjunni opnast tækifæri til að hanna og þróa samhliða matvæli og matartengdar vörur. Matarsmiðjan mun styðja við nýsköpun á Ströndum og verður opin fyrir smáframleiðendur og frumkvöðla til vöruþróunar og tilraunastarfsemi gegn vægu gjaldi. Verkefnið var styrkt um 1.000.000 kr.

Að lokum var það Trésmiðjan Höfði sem fékk styrk fyrir verkefnið Atvinnuhúsnæði á Hólmavík en verkefnið er könnun á þeim möguleika að byggja atvinnu og geymsluhúsnæði á Skeiði á Hólmavík. Við lok verkefnis á að vera ljóst hvort einstaklingar eða fyrirtæki hafi hug á að kaupa eða leigja bil í húsinu og hvaða stærð og form munu henta fyrir þá. Einnig verður við lok verkefnis ljóst hvort bygging á húsnæði sem þessu á Hólmavík sé fjárhagslega framkvæmanlegt. Verkefnið hlaut styrk um 800.000 kr.



Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu að fengnu álitni úthlutunarnefndar á fundi sínum þann 10. ágúst 2020. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Einnig fékk Sýslið verkstöð 8,7 milljóna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða fyrir verkefnið strandir.is.

2021

Auglýst var eftir umsóknum 10. febrúar 2021. Umsóknarfrestur rann út 10. mars 2021. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 7.270.000 kr.

Alls bárust 31 umsókn um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 32.299.328 kr. en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 7.270.000 kr. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu á fundi sínum þann 8. apríl 2021 Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Styrkþegar og verkefni þeirra voru eftirfarandi:

Ágúst Óskar Vilhjálmsson hlaut 1.000.000 kr styrk til verkefnisins Krabbaveiðar frá Hólmavík. Hugmyndin með verkefninu er að kanna hvort um nýtanlegt magn grjótkrabba til nytja á svæðinu og möguleika þess að gera krabbaveiðar að atvinnugrein á Hólmavík.

Café Riis fékk 650.000 kr styrk til að gera útisvæði við þetta glæsilega gamla hús á Hólmavík. Verkefnið snýst um að endurbæta og stækka þann sólpall sem við húsið er, og bæta og fegra útisvæði kaffihússins. Að verkefninu loknu mun Café Riis enn nú heldur getað sinnt hlutverki sínu sem staðarþryði og einkennismynd Hólmavíkur.

Aleksandar Kuzmanic fékk 600.000 kr styrk fyrir verkefnið Hólmavík öl – viðskiptaáætlun. Tilgangur verkefnisins er að gera viðskiptaáætlun og fýsileikarýni fyrir hugsanlegt örbrugghús á Hólmavík.

Golfklúbbur Hólmavíkur hlýtur 600.000 kr styrk til uppbyggingar golfvallarins.

Markmiðið er að byggja upp þrjú grín á golfvöllinum í Skeljavík til að gera völlinn betri og samkeppnishæfari. Árangurinn yrði betri golfvöllur, en núna eru sex vel nothæf grín á völlum og þrjú sem þarf að endurbæta.

Náttúrubarnaskólinn (Sauðfjársetur á Ströndum) hlaut 600.000 kr styrk fyrir Náttúrubarnahátíðina 2021. Verkefnið Náttúrubarnaskólinn snýst um að byggja upp vandaða menntatengda ferðaþjónustu á Ströndum. Markmiðið er að vinna með jákvæðum þáttum í ímynd svæðisins og skapa jákvæða víxlverkun með framkvæmdum, markaðssetningu og umræðu. Námskeiðahald er á dagskránni fyrir börn og fullorðna, einnig hátíðahöld, útgáfa og fjölmargir skemmtilegir viðburðir. Langstærsti viðburðurinn er þematengd Náttúrubarnahátíð í júlí 2021 þar sem áhersla er lögð á þátttöku listafólks og tengsl við skapandi störf.

Skíðafélag Strandamanna hlaut 600.000 kr styrk til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Selárdal. Markmiðið er að byggja upp og efla skíðasvæðið í Selárdal og efla starfsemi Skíðafélags Strandamanna sem hefur að aðalmarkmiði að halda úti æfingum fyrir börn og unglunga á svæðinu og stuðla að heilbrigðu líferni og útivist.

Bjarni Þórisson fékk 500.000 kr styrk til stofnunar og búnaðarkaupa fyrir sjóíþróttafélag í Steingrímsfirði. Markmið verkefnisins er að stofna sjóíþróttafélag með almennri þátttöku íbúa.

Hafdís Sturlaugsdóttir fékk 500.000 kr styrk fyrir verkefnið Húsavíkurbúið-tækjakaup. Markmið verkefnis er kaup á tækjum til að auðvelda þróun á nýjum framleiðsluvörum úr kindakjöti. Sum þessara tækja eru til að létta verk sem áður hafa verið unnin í höndum en

önnur til að geta búið til vörur sem ekki hefur verið hægt hingað til.

Arnkatla - lista- og menningarfélag fékk 500.000 kr styrk til verkefnisins Skúlpúraslóð - annar áfangi. Markmið verkefnisins er að auka aðdráttarafi Hólmavíkur fyrir ferðafólk og listunnendur með því að byggja upp skúlpúraslóð inn fyrir þorpið á Hólmavík, frá Galdrasýningunni og eftir gömlum vegi sem nú er gönguslóði og til útivistar undir Kálfanesborgum.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa hlaut 400.000 kr styrk til að vinna úttekt um héraðsskjalasafn. Markmið verkefnisins er að gera úttekt um stofnun Héraðsskjalasafns á Ströndum. Afraksturinn verður skýrsla um efnið. Á grundvelli skýrslunnar á að vera hægt að taka ákvarðanir um framhaldið.

Kyrrðarkraftur hlaut 350.000 kr styrk fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir verkefnastjóra. Markmið verkefnisins er að útbúa vinnuaðstöðu fyrir verkefnastjóra/-stýru Kyrrðarkrafts með því að leigja skrifstofu í Þróunarsetrinu á Hólmavík og kaupa tölvu, skrifstofuhúsgögn og búnað auk þess að auglýsa starfið.

Sauðfjársetur á Ströndum hlaut 300.000 kr styrk til útgáfu bókarinnar Álagablettir á Ströndum. Bókin er byggð er á sýningu um efnið á Sauðfjársetrinu í Sævangi og frekari rannsóknum höfunda á efninu. Bókin verður talsvert myndskreytt og ætluð almenningi og áhugafólki um sögu og menningararf svæðisins. Um er að ræða samvinnuverkefni Sauðfjárseturs á Ströndum sem leiðir verkefnið og Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofu. Þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir eru höfundar bókarinnar.

Leikfélag Hólmavíkur fær 270.000 kr styrk fyrir verkefnið Leikfélag í 40 ár. Markmið verkefnisins er að draga saman til varðveislu og miðlunar, í formi covid-vænna viðburða, sögu félagsins sl. 40 ár. Einnig að vekja athygli á mikilvægi leikfélagsins í samfélaginu í Strandabyggð. Safnað verður saman öllu myndefni, ljósmyndum og myndböndum, sem og leikskrá, auglýsingaefni og öðrum skjölum sem tengjast starfsemi félagsins.

Bador slf. hlaut 270.000 kr styrk til verkefnisins Laupur - Setur íslenska hrafnsins – fýsileikakönnun. Markmiðið er að gera fýsileikakönnun á því að fara í framkvæmdir á vatnstankinum fyrir ofan Hólmavíkirkirkju með það fyrir augum að skapa þar aðstöðu fyrir sýningarrými og útsýnispall. Hugmyndin er að setja upp sýningu og fræðslurými um íslenska Hrafninn og jafnvel útbúa toppinn á tanknum sem nokkurs konar "Hrafnslaup".

Að lokum fékk Arnkatla - lista- og

menningarfélag sinn annan styrk, en sá er fyrir verkefninu Allra veðra von - sirkussýning og -smiðja og var upp á 250.000 kr. Um er að ræða sirkussýninguna Allra veðra von og sirkusnámskeið Hringleiks á Hólmavík í samstarfi við Arnkötlu - lista- og



menningarfélag. Sýningin er sýnd utandyra þar sem sirkuslistir, leikræn tjáning, náttúra og umhverfi spila saman og mynda einstaka upplifun áhorfanda.

2022

Afar ánægjulegt er að segja frá því að fjölmennari byggðalög innan Brothættra byggða, eins og Strandabyggð, fá nú 50% hærri úthlutunarupphæð en áður, en þetta hefur verið baráttumál okkar um nokkurt skeið. Frestur til að skila inn umsóknum var til 31. janúar 2022 og bárust alls 22 umsóknir um styrki. Enn fremur er gengið úr skugga um að styrkhæfi verkefna sé í samræmi við reglur Byggðastofnunar um styrki í Brothættum byggðum.

Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 35.176.345,- en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 10.850.000. 12 verkefni hlutu styrk að þessu sinni. Vanhæfnisreglna var vandlega gætt í hvívetna í ferlinu öllu. Styrkhafar og styrkt verkefni eru eftirfarandi:



Guðfinna Lára Hávarðardóttir og Ágúst Helgi Sigurðsson - Garðávaxtarækt á Ströndum

Markmið verkefnisins er að vélvæða framleiðslu garðávaxta í Stóra-Fjarðarhorni og tryggja þannig að hægt sé að framleiða gæðavöru með góðu afhendingaröryggi fyrir Strandamenn sem og aðra landsmenn.

Styrkur: 2.900.000 kr.

Hafgustur ehf - Fiskvinnsla og krabbaverkun

Um er að ræða standsetningu á vannýttu iðnaðarhúsnæði til nota undir fisk- og krabbavinnslu. Lengi hefur vantað fiskvinnslu á Hólmavík, og hér er á ferðinni skemmtilegt verkefni til að styðja við sjávarútveginn á staðnum.

Styrkur: 2.000.000 kr.

Galdur brugghús - Galdur brugghús

Verkefnið snýst um að taka næstu skref í uppsetningu brugghúss á Hólmavík og standsetningu húsnæðis fyrir brugghúsið.

Styrkur: 1.600.000 kr.

Sauðfjársetur á Ströndum - Afmælis dagskrá Sauðfjársetursins

Í tilefni af 20 ára afmæli Sauðfjárseturs á Ströndum árið 2022 er ætlunin að halda úti viðamikilli afmælis dagskrá allt árið, auk sérverkefna eins og nýrra sýninga og útgáfu bókar. Viðburðirnir verða tengdir saman undir merkjum afmælis dagskrárinnar í allri markaðssetningu og kynningu. Sauðfjársetrið hefur lengi verið öflugt í viðburðahaldi, en dagskráin hefur aldrei verið jafn viðamikil. Samtals hafa 68 viðburðir verið settir á afmælis dagskrána á árinu 2022.

Styrkur: 800.000 kr.

Golfklúbbur Hólmavíkur – Golfhermir

Markmið verkefnisins er að kaupa háþróaðan golfhermi til að efla starfsemi félagsins, bæði með því að gera framboð iðkunar íþróttarinnar fjölbreyttara allan ársins hring og með því að draga nýja félaga inn í starfsemina.

Styrkur: 600.000 kr.

Strandagaldur ses - Galdrastafir og tákn í húðflúrum

Markmið verkefnisins er að setja upp sýningu um hvernig íslenskir galdrastafir og tákn koma inn í húðflúrun. Þetta er tímabundin sýning sem bætist við Galdrasýninguna og verður öllum opin. Afrakstur verkefnisins er sýning sem mun standa í 1 til 2 ár, þrír viðburðir sem verða gjaldfrjálssir og sýningarskrá sem verður seld.

Styrkur: 550.000 kr.

Áratak ehf - Náttúruskoðun á Kajak

Markmiðið er að leigja út kajaka til náttúruskoðunar á Broddanesi. Aukin afþreying fjölgar ferðamönnum og lengir dvöl þeirra á svæðinu. Markmiðið er að geta leigt bátana út a.m.k. 30 daga yfir sumarið.

Styrkur: 500.000 kr.

ÓBH útgerð - Sjóstangaveiði á Ströndum

Verkefnið snýst um að bjóða fólki uppá að fara í Sjóstangaveiði á Ströndum en sú viðbót við vaxandi og fjölbreytta þjónustu við ferðamenn myndi hjálpa til við að laða fleira fólk á Strandir. Styrkur veittur til gerðar viðskiptaáætlunar.

Styrkur: 450.00 kr.

Viðgerðir Vignis ehf – Bilanagreiningatölva

Markmið verkefnisins er að festa kaup á bilanagreiningatölvu fyrir eina starfandi vélaverkstæðið í Strandabyggð. Tölva þessi greinir ekki aðeins bilanir heldur geta bílaumboð tengst inn á hana og talað við verkstæðið. Fjárfesting af þessu tagi eflir fyrirtækið og gerir því kleift að annast fjölbreyttari viðgerðir á staðnum, auk þess sem betur er hægt að aðstoða vegfarendur sem lenda í vandræðum á vegum úti.

Styrkur: 420.000 kr.

Arnór Gunnarsson – Hljóðverkshúsið

Verkefnið snýst um framleiðslu á hljóðefni til dreifingar á streymisveitum. Styrkveiting er til handrita- og dagskrárgerðar.

Styrkur: 400.000 kr.

Sýslið verkstöð - Sýnileiki Stranda

Markmið verkefnisins er að vera áfram með fréttir af fyrirtækjum og ferðaþjónustu með það fyrir augum að ná athygli bæði heimafólks sem og annarra út fyrir svæðið.

Styrkur: 380.000 kr.

Práinn Ingimundarson - Skilti á Viðeyjarhúsið

Markmið verkefnisins er að setja upp söguskilti við Viðeyjarhúsið, en í því er Gistihús Hólmavíkur er rekið í dag, sem gerir merkilegri sögu hússins skil fyrir heimamenn jafnt og ferðamenn.

Styrkur: 250.000

2023

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Sterkar Strandir í janúar 2023.

Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 10.500.000,- sem er fjárhæð árlegrar úthlutunar.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 23. janúar 2023 og bárust alls 24 umsóknir um styrki.

Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 43.658.388,- en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 10.500.000.

Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Sterkar Strandir en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra.

Vanhæfnisreglna var vandlega gætt í hvívetna í ferlinu öllu, eins og gert hefur verið frá upphafi verkefnisins.

Styrkþegar, og verkefni þeirra, voru eftirfarandi:

Nafn umsækjanda	Heiti umsóknar	Styrkupphæð
Galdur Bruggús ehf	Ný framleiðslulína	2.300.000
Skíðafélag Strandamanna	Útivistarparadís á Ströndum undir forystu Skíðafélags Strandamanna	1.500.000
Röfn Friðriksdóttir	Fótaaðgerðastofa	1.200.000
Strandagaldur ses	Endurhönnun á Galdrasýningunni	1.000.000
ÓBH útgerð	Sjóstangveiði frá Hólmavík	750.000
Golfklúbbur Hólmavíkur	Uppbygging golfvallar - annar áfangi	500.000

Leikfélag Hólmavíkur	Leiklistanámskeið fyrir börn	450.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leikrit í fullri lengd	400.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Vottað og viðurkennt framleiðslueldhús	400.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Viðburðadagskrá Sauðfjársetursins 2023	400.000
Christina van Deventer og Bragi tónfræði.is - 2. þrep		400.000
Pór Valsson		
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum	Búnaður til kvikmyndagerðar	400.000
- Þjóðfræðistofa		
Fine Foods Íslandica ehf	Dry processing for small food producers	300.000
Christina van Deventer	Myndskreyting barnabókarinnar Jax	250.000
Magnea Dröfn Hlynsdóttir	Heilsurækt í Strandabyggð	250.000

FUNDIR

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls 7 sinnum með fjarfundarbúnaði árið 2023. Því til viðbótar var haldinn íbúafundur þann 15. nóvember 2023 og verkefnisstjórn kom saman til vettvangsferðar um Strandabyggð.

Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukinheldur mánaðarlega.

Samráðsfundir með sveitarstjóra og öðrum fulltrúum sveitarstjórnar urðu alls 9 á árinu auk setu verkefnisstjóra á ýmsum fundum sem tengjast rekstrarstöðvun Hólmandrangs.



HUGLEIÐINGAR VERKEFNISSTJÓRA

Við lok árs 2023 er um ákveðin tímamót í verkefninu að ræða. Verkefnið fékkst sennilegast framlengt að stórum hluta til vegna rekstrarstöðvunar Hólmadrangs. Verkefnisstjóri telur ólíklegt að verkefnið hefði fengið framlengingu ef ekki hefði komið til stöðvunar rekstrar Hólmadrangs sökum þess hve neikvæð áhrif umræða um sundrung í Strandabyggð hefur á tiltrú á verkefnið og þess að framlenging verkefna Brothættra byggða er á engan hátt sjálfvirkt ferli. Að lokum var þó líklega ekki talið verjandi að verkefnið hætti við þær aðstæður sem upp voru komnar.

Verkefnið hefur því verið framlengt um eitt ár, en líkurnar á því að það verði framlengt umfram þann tíma eru afar litlar.

Verkefnisstjóri telur því ábyrgustu leiðina í sínum störfum felast í því að hlúa sem best að þeim verkefnum sem fram eru komin til loka 2024 og hefja frágang verkefnisins, svo hægt verði að ganga frá borði með alla hnúta vel hnyttu.

Það eru vænlegir sprotar í vexti í Strandabyggð; sprotar sem Sterkar Strandir hafa stutt dyggilega með fjármunum og vinnuframlagi verkefnisstjóra. Vonir standa til að þau fyrirtæki sem hófu starfsemi á tíma Sterkra Stranda, og með fulltingi verkefnisins, verði arfleifð verkefnisins til framtíðar.

Margt hefur áunnist á verkefnistímanum, og með samstilltu átaki getum við náð stórum skrefum fram á við síðasta verkefnisárið.

HÓLMADRANGUR FÉLL. HVAD RÍS?

Þegar fregnir bárust af stöðvun reksturs Hólmadrangs var það að sjálfsgöðu reiðarslag fyrir samfélagið, fólk sem hafði starfað við rækjuvinnsluna jafnvel svo áratugum skipti stóð allt í einu uppi atvinnulaust og í lausu lofti með framtíð sína.

Hrósa ber þó sérstaklega fumlausum viðbrögðum hinna ýmsu aðila sem að svona máli koma; má þar nefna Vinnumálastofnun og Verkalýðsfélag Vestfjarða. Þingmenn kjördæmisins voru líka fljótir að bregðast við, sem og sveitarfélagið og landshlutasamtökin. Án þess að rekja nákvæmlega atburðarásina í smáatriðum þá varð niðurstaða nokkurra funda sú að verkefnisstjóra var falið að taka saman hugmyndir að fýsilegum og raunhæfum verkefnum sem hægt væri að hleypa af stokkunum tiltölulega hratt og örugglega með dyggri aðkomu ríkisins.

Sú úttekt er samantekin hér að neðan.

Sum þessara verkefna eru nú þegar í farvegi en flest hafa þau runnið inn í Strandanefndina svokölluðu; landshlutanefnd sem stofnuð var af forsætisráðuneytinu í beinu framhaldi af því sem hér var rakið. Strandanefndin er fyrsta landshlutanefnd ráðuneytisins sem nær aðeins yfir eina sýslu, alla jafnan taka þær málefni heils landshluta fyrir. Verkefnisstjóri væntir mikils árangurs af störfum nefndarinnar og sér sérstaka ástæðu til að þakka fyrsta þingmanni kjördæmisins, Stefáni Vagni Stefánssyni, fyrir góða verkstjórn og öfluga málafylgju.

Hvert er tækifærið?	Hvað gætu störfin verið mörg?	Hvenær gætu störfin komið?	Hver er fyrirstaðan?	Hverjir koma að málinu?	Bakgrunnur
Flutningur ríkisstofnana, en þó sérstaklega staðsetning nýrra stofnana, á landsbyggðinni er í Bygðáætlun og Stjórnarsáttmála. Hér er t.d. bent á Miðstöð barnamenningar sem gæti vandraðalaust verið staðsett í Strandabyggð.	Fjármögnun Miðstöðvar barnamenningar er tryggð, 20 milljónir á ári. Væntanlega eru þarna 2 störf.	Miðstöðin verður formlega stofnuð á alla næstu dögum. Þetta eru því störf sem gætu komið strax .	Pólitískur vilji	Menningarmálaráðherra	Á Hólmauk hefur verið óflugt menningarlíf sem byggir á sterkum grunni auk þess að hafa haldið Náttúrubarnaskólann í fjölda ára.
Fjarvinna í samvinnu við þjóðmenningarstofnanir á landsvisi, skönnun, skráning og skjöl, myndir og ljósmyndir gerðar aðgengilegar í opnum aðgangi í viðurkenndum gagnastofnum	Innviðir og reynsla þegar fyrir hendi hjá Þjóðfræðistofu til að leiða slíkt verkefni og bæta við 3-5 starfsmönnum til viðbótar við það sem nú þegar er í gangi. Aðstaða fyrir hendi í Þróunarsetrinu á Hólmauk. Góð reynsla af álíka verkefnum víða um land.	Hægt væri að byrja strax haustið 2023 , slíkt verkefni hafa verið í gangi með 1-2 starfsmenn hjá Þjóðfræðistofu með styrk frá Bygðastofnun (Bygðáætlun B8) og einnig verksamningi við ASÍ um skönnun og skráningu myndasafns	Fjármögnun. (Háskólamenntun er ekki nauðsynleg í skráninguvinnuna í öllum tækjum.)	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, þjóðmenningarstofnanir á landsvisi (t.d. Þjóðminjasafn, Árnastofnun, handritadeild Landsbókasafns, Þjóðskjalasafn, Minjastofnun)	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum, Galdrasetrið og fl. söfn.
Jarðhiti á Gálmaströnd. Ljúka þarf jarðhitarrannsóknunum og undirbúa vinnsluhölu við Gálmaströnd í Steingrimsfirði. Við Gálmaströnd eru góðar aðstæður fyrir til dæmis landeldi; jarðhiti, mikið kalt vatn, nálægð við þjóðveg og flutningslinnu raforku, auk þess nægt land sem gæti verið áhugavert fyrir atvinnuuppbyggingu. Þegar hefur verið varið um 300 milljónum til jarðhitalettar sem gefið hefur góðar vísbendingar en þrátt fyrir að fjarveiting hafi fengið úr Bygðáætlun þá er það fjarskortur sem hamlar því að hægt sé að ljúka verkefni á þeim hraða sem staðan í samfélaginu krefst.	Jarðhitalettar sjálf skapar í besta falli afleiðdar tekjur fyrir líbúa Strandabyggðar. Hinsvegar þá er heitt vatn grunnforsenda margra annarra spennandi verkefna, og því áriðandi að þessu verki sé hraðað eins og auðið er. Vænt er breytinga á útlutunarreglum Orkusjóðs í þá átt að styrkja jarðvarmaverkefni á nýjan leik, eins og ráðherra hefur gefið út að verði. Eins er beðið Orkuséfnu Vestfjarða .	Afleiðd störf vegna jarðvarma eru í besta falli í 2ja ára farlægð.	Fjármögnun. Skortur á borum og bormönnum í landinu. Samkeppni um þá bora sem til eru.	Orkubú Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfjarða, Orkusjóður, Orkumálaráðherra.	Orkubú Vestfjarða
Vegagerð á Innstrandavegi 68 (Heydalsá-Þorpar), þetta er í raun forsenda en ekki tækifæri.	Verk boðið út, en skapar þó einnig störf og afleiðd áhrif í héraði. Styrkir ferðabjónustu.	Verkefnið var á áætlun 2024, en er flutt til 2028 í nýjum drögum að Samgönguáætlun	Forgangsröðun í önnur verkefni. Þessu verki hefur verið frestað ítrekað í rúmlega 20 ár.	Vegagerðin, Samgönguráðherra	Vegur sem stenst engar nútímakröfur og fælir fólk frá að ferðast um hann en skapar flotta hringleið.
Enginn minjavörður er starfandi á Vestfjörðum, þó slíkir eigi að starfa í öllum landshlutum	Eitt , föst staða	Haut 2023. Hægt væri að auglýsa fjótt og bjóða upp á staðsetningu í Þróunarsetrinu á Hólmauk	Minjastofnun hefur ekki haft fjármagn í verkefni	Minjastofnun Íslands, Menningaráðherra	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum, Galdrasetrið og fleiri söfn.
Aukið fiskeldi á Nauteyri	4-6 störf	2024-2025	Vetrarþjónusta á Steingrimsfjarðarheiði kemur í veg fyrir eðlilega sökn í vinnuálf til Hólmaukur. Það heita vatn sem er nýtt á Nauteyri nú þegar dugur fyrir núverandi starfsemi, en dugur engan veginn fyrir meiri starfsemi.	Háafell, Vegagerðin, Orkusjóður	Góður og traustur grunnur sem með lítlum tilkostnaði er hægt að bæta og skapa strax ný störf.
Regnbogaeldi í Steingrimsfirði	10 störf, á að giska	2027 á að giska miðað við rannsókn- og leyfisveitingaþörf og -ferli	Regluverk fjármögnun, rannsóknir (botnrannsóknir, burðarþolsmat, reglugerð um Húnaflöa), heitt vatn	Íslensk verðbréf, Strandabyggð, Matvælaráðherra	Litill
Hótel Hólmauk	20 störf til lengri tíma á að giska, en væntanlega fleiri á framkvæmdatíma	2025 á að giska miðað við stöðu verkefnisins	Fjármögnun, skipulagsvinna, heitt vatn	Puriður, Strandabyggð	Spennandi áningastaður með áherslu á menningu og sögu Íslendinga
Þari, þörungur, kræklingur	Erfitt að segja til um fjölda starfa í þessum geira þegar hér er komið, en ljóst er að Strandir eru eitt albesta svæði landsins til sóknar á þessum vettvangi	Miðað við núverandi stöðu eru einhver ár í það að hér skapist störf í einhverju mæli og heilsárs	Regluverk um krækling ófullnægjandi, regluverk um þörungarektt ekki til, fjármögnun, rannsóknir	Matvælaráðherra, Vestfjarðastofa rannsóknastofnanir, frumkvöðlar og fyrirtæki	Á svæðinu er mikil þekking á sjónum, fjörum, kræklingi.
Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum. Þetta er verkefni til tækifæragreiningar og eflingar nýsköpunar á því landsvæði sem mest á undir sauðfjárrækt. Við væntum mikils af þessu verkefni og stuðningi hins opinbera við áframhald þess að þessu ári líðnu, en verkefnið er styrkt úr Bygðáætlun C1.	Ómögulegt að segja til um það á þessu frumstigi hver auking starfa gæti orðið. Bætt staða allra bænda skapar samanlagt nokkur störf.	Fyrsta lagi 2024, ef fjármögnun framhalds verkefnisins tekst.	Verkefnið er nýtt af nálinni og ekki fjármagnað nema fyrsta árið.	Vestfjarðastofa, SSNV, SSV, Bygðastofnun, Alþingi	Rötgróið og sterkt sauðfjársamfélag.
Hvetjandi. Ríkisvaldið gæti beint verulegum fjármunum inn í fjárfestingasjóðinn Hvetjanda sem væru eynamerktir fjárfestingum í verkefnum á Ströndum.	Mögulega hluti af lausn hluta þeirra verkefna hér að ofan sem stranda á fjármagn	Þessi aðgerð gæti flýtt ýmsum ofangreindum aðgerðum verulega.	Pólitískur vilji, flókið regluverk og miklar kröfur um fjárfestingasjóði	Hvetjandi, Bygðastofnun, Alþingi	Slakur lengi verið lítill áhugi á svæðinu hjá fjárfestum og yfirvöldum.
Sterkar Strandir /Brothættar byggðir. Verkefni framleingt og sjóður verkefnisins stækkaður verulega.	Ekki lausn á stærri verkefnum sem hér eru listuð upp, en gæti stutt við frumkvöðlastarf sem gæti skilað fjölbreyttum vaxtarprotum.	Störf gætu orðið til tiltululega hratt, um mitt ár 2024, ef fjármagn er aukið verulegu.	Breyting á fyrirkomulagi Brothættar byggða og ákveðin mismunur gagnvart öðrum verkefnum að hafa stærri sjóð í Strandabyggð en þekktist annars staðar.	Sveitarstjórn, Bygðastofnun, Alþingi, Vestfjarðastofa	Verkefnið þegar í gangi.
Byggðakvóta. Strandabyggð byggðar auknar fiskveiðiheilmildir með sérstakri neyðarútlutun byggðakvóta.	Störum fjólgar í beinu hlutfalli við auknar heilmildir.	Störfin gætu skapast tiltululega hratt ef fiskveiðiheilmildir aukast verulega.	Erfitt verkefni í framkvæmd og augljóst að það leiðir til átaka og óánægju um landið. Mikilvægt að affi sé unninn í héraði til að skapa störf.	Alþingi, Matvælaráðherra, Strandabyggð	Veik staða í sjávarútvegi á svæðinu, lítil fiskvinnsla á Hólmauk.
Fríðlönd og víðerni. Þjóðgarðstofa sett á fót til að sinna þeim fríðlöndum og víðernum sem eru á Ströndum og Hornströndum.	1-2 störf	Haut 2023. Hægt væri að auglýsa fjótt og bjóða upp á staðsetningu í Þróunarsetrinu á Hólmauk	Verkefni sem er hvergi í pipunum og ekki fjármagnað né útfært.	Umhverfisráðherra	Hólmauk er orðin anddrygi ferðabjónusta á Ströndum, Árneshreppi, Hornströndum og Innjúpi.
Vindmyllugarðar. Hraðað verði framkvæmdum við þau vindmyllugarðaverkefni sem eru í nágrenni Hólmaukur.	Hugsanlega afleiðd störf á framkvæmdatíma. Hugsanleg framtíðarstörf.	Varla fyrr en 2025	Umgjörð um vindorku skortir, en er í vinnslu. Erfitt að taka eitt svæði út fyrir sviga. Pólitískt snúið.	Umhverfisráðherra, orkuvirkir, tæki, nágrennsveitarfélög, Alþingi	Mikill undirbúningsvinna þegar lokið í Reykhólasveit.
Raforkuframleiðsla í Kvislatinguvirkjun	Fjöldi starfa á framkvæmdatíma. Hugsanleg framtíðarstörf. Lykilbreyta til að margt annað gangi upp.	Framkvæmdir hefjast varla fyrr en 2025	Regluverk og ferli	Orkumálaráðherra, Orkubú, Alþingi	Rannsóknarvinnu að mestu lokið.
Iónaðarsvæði við Hólmauk sem nýtti orkuframleiðslu nýrrar virkjunar	?	Eftir 2027	Greina þarf tækifæri og möguleika, skipuleggja svæði og lóðir.	Orkubú Vestfjarða, Vestfjarðastofa, Blámi off.	
Galdramiðstöð (Icelandic International Witchcraft and Sorcery)	1-2 störf	Gæti byrjað strax og vaxið	Fjármögnun, hugmyndavinna off.	Þjóðminjasafnið	Rannsóknasetur HÍ á Ströndum, Galdrasetrið, Sauðfjársetrið og fl. söfn